

Nesfréttir

DESEMBER 2021 • 12. TBL. • 34. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Fyrsta skóflustungan að nýjum búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Kirkjubraut 20 á Seltjarnarnesi var tekin miðvikudaginn 8. desember sl. Fyrstu skóflustunguna tóku Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Bjarni Torfi Álfþórsson formaður fjölskyldunefndar og Þóra Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri Áss styrktarfélags. Sjá nánar á bls. 4. Ljósmynd: Seltjarnarnesbær.

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

- Viðtal við
Pál Gíslason
- bls. 12-13

**Gleðilega
happahátíð!**

Jóladagatalið
er komið í sölu



Skannaðu
QR kóðann



Happaprennan

Skemmtilegt að skafa!

**JÓLAGJAFAHANDBÓK
ELKO ER KOMIN ÚT**

100 bls. af jólagjafahugmyndum
Sjáðu allt blaðið á elko.is



ELKO

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Kosningavetur á Nesinu

Sveitarstjórnarkosningar eru á komandi vori. Á Seltjarnarnesi er meiri breytinga að vænta en undanfarin. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi bæjarstjórnarsetu.

Ljóst má vera að einhverjir munu renna hýru auga til Lbæjarstjórastólsins. Einkum mun það eiga sér stað innan raða Sjálfstæðismanna sem haldið hafa meirihluta árum saman.

Sjálfstæðismenn hyggja á prófkjör í febrúar á næsta ári. Þar munu línur skýrast um hverjir verða á framboðslista. Einnig hvort sá sem leiða mun listann verði bæjarstjóraefni.

Ekki liggur en fyrir hverjir munu gefa kost sér. Útlit er þó fyrir að aðrir bæjarfulltrúar en Ásgerður hyggist halda áfram. Nýir geta bæst við og spurning verður um gengi þeirra.

Samfylkingin er líkleg til að bjóða fram sömu krafta og í síðustu kosningum. Ekki er vitað hvort þau munu slá saman við fleiri aðila. Gæti þó alveg orðið.

Ekki liggur fyrir um framtíð Neslistans og óljóst hverjir verða þar á lista. Skapti Harðarson bauð fram sér lista fyrir síðustu kosningar og náði umtalsverðum árangri. Hugsanlega liggur hann undir feldi og íhugar skref á þeim vettvangi.

Að öllu óbreyttu gæti stefnt í spennandi prófkjör og Bæjarstjórnarkosningar í maí.

Húsasmíði byggir búsetukjarna við Kirkjubraut



Við undirritun samnings við Húsasmíði ehf. sem mun byggja búsetukjarnann. Á myndinni eru: Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Sigurður Villi Stefánsson eigandi Húsasmíði ásamt bæjarstjórn fv. Bjarni Torfi Álfþórsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson og Sigurbóra Bergsdóttir.

Bæjarráð Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt að taka tilboði Húsasmíði ehf. í byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Kirkjubraut 20. Tilboð Húsasmíði hljóðaði upp á 292.500.000 krónur.

Samþykktin er með fyrirvara um, að tilboðið uppfylli alla skilmála útboðsins og er bæjarverkfyræðingi falin afgreiðslu málsins. Vakinn er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.



UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



GARDASTRÆTI 2
ASWEGROW.IS

Jólagjafir sælkerans



**Ostakörfur
4 stærðir**

Verð frá **4.499** kr/stk

HAGKAUP



**Il Boschetto
kryddstaukar**

Verð frá **2.699** kr/stk



**Monte Nevado
Serrano læri 7 kg**

17.999 kr/stk



**Olio Nitti
Í falletum
gjafakassa**

Verð frá **4.490** kr/pk



**Stonewall
gjafapakkingar**

Verð frá **2.599** kr/pk



**Ferrero
Collection**

1.899 kr/pk



**Hamlet konfekt
frá Belgíu**

Verð frá **1.599** kr/pk

Fyrsta skóflustungan tekin að nýjum búsetukjarna við Kirkjubraut

Fyrsta skóflustungan að nýjum búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Kirkjubraut 20 á Seltjarnarnesi var miðvikudaginn 8. desember. Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, Bjarni Torfi Álfþórsson formaður fjölskyldunefndar og Þóra Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri Áss styrktarfélags tóku fyrstu skóflustunguna.

Um er að ræða búsetukjarna með sex íbúðum fyrir fatlað fólk ásamt starfsmannarými og er heildarstærð húsnæðisins um 553 m². Húsið verður umhverfisvænt og rekstrarlega hagkvæmt auk þess sem markmiðið er að raska sem minnstu í náttúrunni. Húsið og lóðin munu þannig falla vel inn í og njóta sín vel í náttúrlegu umhverfi Valhúsahæðar.

Seltjarnarnesbær og Ás styrktarfélag hafa gert með sér viljayfirlýsingu um samstarf um rekstur búsetukjarnans. Seltjarnarnesbær mun eiga húsið og Ás styrktarfélag taka að sér rekstur hússins og þjónustu við íbúa.

Húsnæðið er hannað af þeim Önnu Margræti Hauksdóttur arkitekt og Péttri Jónssyni hjá AVH samkvæmt hugmyndafræðilegum áherslum Áss



Tölvugerð mynd að nýjum búsetukjarna fyrir fatlað fólk við Kirkjubraut 20.

styrktarfélags. AVH sá ennfremur um burðarþol og lagnir, Lúmex sá um ljósaönnun, Myrra hönnunarstofa um hljóðráðgjöf og Brunahönnun slf sá um brunahönnunina. Samið var við Húsasmíði ehf, lægstbjóðandi verk-

taka í útboði og er heildarkostnaður við byggingu búsetukjarnans áætlaður um 293,0 mkr.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími verði um 12 mánuðir og að fyrstu íbúar flytji inn í febrúar 2023.

Byggingastjóri og eftirlitsaðili með verkefnum fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar er Jóhann Kristinsson hjá Strengingi ehf.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bæltrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst trústu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is



SELTJARNARNESBÆR

KJÖR ÍPRÓTTAMANNS SELTJARNARNESS Í KVENNA OG KARLAFLOKKI 2021 FER FRAM FIMMTUDAGINN 20. JANÚAR 2022

Vegna óvissu með framvindu Covid-19 og samkomutakmarkanir þá verður viðburðurinn auglýstur sérstaklega þegar nær dregur.

ÍTS óskar eftir ábendingum frá íbúum á Seltjarnarnesi um íþróttamann sem sýnt hefur framúrskarandi árangur í íþróttagrein sem fellur undir starfsemi Íþrótt- og ólympíusambands Íslands. Það er síðan í höndum fulltrúa Íþrótt- og tómstundaneftndar að ákveða hverjir það eru sem hljóta tilnefningar. Eingöngu er unnið úr tilnefningum.

Upplýsingar um þann sem er tilnefndur til Íþróttamanns Seltjarnarness þurfa að vera ítarlegar og það sem þarf að koma fram er:

- Nafn, kennitala, heimili, sími og tölvupóstfang.
- Hversu lengi viðkomandi hefur stundað íþróttina/ir.
- Ástundun og hversu mikið er æft.
- Titlar eða árangur.
- Félagslega hliðin.
- Annað sem þið viljið koma á framfæri.

Athuga að aðeins þeir sem eiga lögheimili á Seltjarnarnesi eiga möguleika á að vera tilnefndir, óháð hvar íþróttin er stunduð.

Allar upplýsingar eða ábendingar skulu berast á tölvupóstfangið haukur@seltjarnarnes.is fyrir 10. janúar 2022.

Einnig óskar ÍTS eftir umsóknum um styrk úr Afreksmannasjóði íþróttamanna á Seltjarnarnesi

Sjá úthlutunarreglur: <http://www.seltjarnarnes.is/stjornsysla/samthyktir/nr/3229>

Umsóknir um styrki skulu berast til Íþrótt- og tómstundaneftndar Seltjarnarness fyrir 15. janúar ár hvert á þar til gerðum eyðublaðum á heimasíðu bæjarins eða á póstfangið haukur@seltjarnarnes.is. Slóð á umsóknareyðublað: <https://innskraning.island.is/?id=minarsidur.seltjarnarnes.is>

Með öllum umsóknum skal leggja fram ítarlega greinargerð um umsækjandann.

Úthlutun úr afreksmannasjóði ÍTS fer fram á kjöri Íþróttamanns Seltjarnarness.

Steinunn garðyrkjustjóri kvödd

Eftir tæplega 40 ára starf sem garðyrkjustjóri Seltjarnarnesbæjar hefur Steinunn Árnadóttir nú kvatt okkur Seltirninga á þeim vettvangi en hún hætti störfum þann 30. nóvember sl. Þegar Steinunn hóf störf hjá Seltjarnarnesbæ árið 1992 hafði lítil stefnumörkun verið sett fram í garðyrkjumálum Seltjarnarness en á því varð breyting með komu Steinunnar.

Strax það ár var hafist handa við að móta og tyrfa svæðið í Bakkavör og ganga frá svæðunum við Valhúsabraut, Kirkjubraut, Norðurströnd, Suðurströnd og mikið lagt upp úr vönduðum undirbúningi áður en hafist var handa við að gróðursetja. Þess var gætt í upphafi að velja salt- og vindþolnar plöntur enda ekki hægt að rækta hvað sem er á Seltjarnarnesi. Með sanni má segja að ræktuð svæði hafa stækkað umtalsvert á Seltjarnarnesi síðastliðna áratugi undir hennar stjórn.

Endurhlóð sjóvarnaregginn

Þá var það eitt af fyrstu verkum Steinunnar að endurhlaða sjóvarnaregginn neðanvert við Eiðistorg en Steinunn er mikill áhugamaður um grjóthleðslu og hafði starfað töluvert við slíkt áður en hún réði sig til starfa á Seltjarnarnesinu. Hitabeltisgróðurinn á Eiðistorgi hefur alla tíð verið einstakur og bæði verið mikil áskorun og metnaður af hennar hálfu að láta hann dafna eins og hugsunin á bak við hönnun torgsins gerði ráð fyrir.

Vinnan með unglíngunum skemmtilegust

Í gegnum árin hefur Steinunn átt sinn þátt í að auka áhuga Seltirninga á garðyrkju bæði með því að fara heim til fólks og veita ráðgjöf um hvað þrífist best í gördunum auk þess sem flest ungmenni á Seltjarnarnesi hafa tekið sín fyrstu skref í vinnu undir hennar stjórn í



Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri og Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri.

Vinnuskólanum. Að sögn Steinunnar hefur vinnan með ungmennunum verið eitt hennar skemmtilegasta verkefni hér hjá bænum og jafnvel ástæða þess að hún hefur varið nær allri sinni starfsævi í

garðyrkjumálunum á Seltjarnarnesi. Það var vel við hæfi að leysa sjálfan garðyrkjustjóra Seltjarnarnesbæjar út með blómum þegar að hún var kvödd á sínum síðasta starfsdegi og heldur á vit nýrra ævintýra í sínu lífi.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSAMÍÐJAN
JÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUJÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegji 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Þennilega Heimsins Minnsti
Ultra Framleiðandi

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

aurum

BY
GUÐBJÖRG



FERÐA-SKARTGRIPASKRÍN FYLGIR ÖLLUM KAUPUM YFIR
30.000 KR. Í DESEMBER

FRÍ HEIMSENDING



www.aurumiceland.com
Bankastræti 4, 101 Reykjavík

Trimmkлубbur Seltjarnarness

Að trimma með heiðri og sóma

Trimmkлубbur Seltjarnarness ætti flestum Nesbúum að vera kunnur. Þetta er hópurinn sem hefur hlaupið um stíga og strendur Seltjarnarness frá því að Margrét Jónsdóttir, frumkvöðull og íþróttakennari, ýtti okkur af stað árið 1985. Allar götur síðan hefur hópurinn notið þess að trimma út fyrir Gróttu, eða beygja við steininn, taka spretti á Norðurströndinni, hlaupa brekkur upp og niður Strandirnar og stytt leið um Mýrarnar.

Á þessum 36 árum höfum við farið í gegnum margs konar áherslur í hlaupum, mismunandi tisku í hlaupafatnaði og skóm, sett okkur misháleit markmið sem flestum hefur við náð með öflugum stuðningi og dyggri stjórn frábærra þjálfara. Þar höfum við notið stuðnings bæjaryfirvalda sem hafa af framsýni stutt við þjálfun og eflingu líkamlegs heilbrigðis. Á mótum hefur Trimmkлубburinn verið ötull í að boða fagnaðarerindið um heilsubót hlaupanna, haldið árleg námskeið fyrir nýliða og staðið fyrir Neshlaupinu og Kirkjuhlaupinu sem dregið hefur að sér fjölda hlaupara úr nágrannasveitunum.

Ágústa lifandi dæmi um kosti þess að hlaupa

Þó að vissulega hafi fækkað í hópi þeirra sem fyrstir sprettu úr spori með TKS árið 1985 má glögg merkja heilsusamleg áhrif hlaupanna á því að enn eru býsna margir þeirra enn í fullu hlaupafjöri og stunda sín hlaup reglulega með hópnum. Ein þessara er hún Ágústa G. Sigfúsdóttir. Ágústa er fædd 1941 og fagnaði því áttæðisafmælinu sínu núna í júní. Ágústa er lifandi dæmi um kosti þess að hlaupa. Síðan 1993 hefur hún tekið þátt í fjölmörgum almenningshlaupum, m.a. hlaupið

20 sinnum hálf maraþon í Reykjavíkumaraþoninu. Þar hefur hún ítrekað lent í verðlaunasæti. Hún hleypur þrisvar í viku allt árið um kring auk þess að sækja tíma í World Class. Hún er Trimmkлубbsfélögum sönn fyrirmynd og því ákváðum við í TKS að nýta afmælið hennar til að heiðra okkar ágæta félag og gera að heiðursfélagi Trimmkлубbs Seltjarnarness. Hún deilir þeim titli með tveimur öðrum frábærum konum og heiðursfélögum; Margréti Jónsdóttur stofnanda Trimmkлубbsins og Þorbjörgu Bjarnadóttur.

Um leið og við óskum Ágústu til hamingju með heiðursnafnbótina þá hvetjum við alla áhugasama að kynna sér starfsemi Trimmkлубbsins og koma og hlaupa með okkur. Fastir æfingatímar eru á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:40 og á laugardögum kl. 9:30 frá Sundlaug Seltjarnarness. Þá má benda á frekari upplýsingar á facebook síðu TKS.

Kirkjuhlaupið á annan jóladag

Skemmtilegt gæti líka verið að segja frá Kirkjuhlaupinu - árlegu hlaupi á annan dag jóla þar sem hlaupið er á milli kirkna á Seltjarnarnesi og Reykjavík. Síðast mættu 500 manns og nutu hlaups og veitinga í safnaðarheimilinu í Seltjarnarneskirkju.



Á myndinni eru Agnes Hlöðversdóttir, Ágústa G. Sigfúsdóttir heiðursfélagi, Guðrún Geirsdóttir og Sigrún Hallgrímsdóttir þjálfir TKS.



Við óskum Seltirningum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Hvetjum bæjarbúa til að huga að umhverfinu í kringum hátíðarnar, flokka plast og pappír og fara með flugelda í SORPU.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness

Kjötkompaní

NAUTALUND
WELLINGTON

Munið að þanta tímanlega



kjotkompani.is/jolin

Hafnarfjörði & Grandá

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Endurbætt Hagkaups verslun á Eiðistorgi

Verslun Hagkaups á Eiðistorgi hefur verið töluvert endurbætt að undanfögnu og er framkvæmdum við verslunina nú lokið.

Sigurður Reynaldsson framkvæmdastjóri Hagkaups segir verslunina á Eiðistorgi vera mikilvæga í rekstri félagsins og það hafi verið tímabært að ráðast loksins í þessar spennandi endurbætur. Hins vegar hafi ákvörðun um framkvæmdirnar tekið langan tíma þar sem óvissa ríkti um framtíðar áform húsnæðisins. Þegar þeirri óvissu var eytt og Hagar tóku ákvörðun um að festa kaup á húsnæðinu sem verslunin er í, þá var ekkert til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir af fullum krafti. Við erum mjög ánægð með að hafa lokið þessum áfanga og vonum að viðskiptavinir okkar kunni vel að meta breytingarnar, segir Sigurður.

Nýtt útlit í verslunum

“Síðustu mánuði höfum við verið í mikilli þróunarvinnu með ákveðna ásjónarþætti Hagkaups. Við höfum gert breytingar á innréttingum, tækjabúnaði og merkingum í verslunum okkar, ásamt því að hanna nýtt útlit fyrir markaðsefni Hagkaups. Þessar breytingar má nú sjá í verslunum okkar á Eiðistorgi og á Akureyri, en á nýju ári munu aðrar Hagkaups verslanir bætast í hópinn.

Aukið og áreiðanlegra vöruúrval

Enric Már, verslunarstjóri Hagkaups á Eiðistorgi segir að fjölbreytt og áreiðanlegt vöruúrval sé algjört lykilatriði í verslunum Hagkaups. Í nýafstöðnum breytingum á versluninni var meðal annars skipt yfir í nýtt hillukerfi sem tekur minna gólfpláss en býður upp á fleiri hillur. Þetta gerir okkur kleift

að styrkja vöruúrval og áreiðanleika enn fremur. Viðskiptavinir eiga að geta farið með allar mataruppskriftir (bæði einfaldar og flókna) í Hagkaup og fengið öll hráefnin á einum stað. Einnig eiga viðskiptavinir að geta komið í Hagkaup fyrir innblástur og góðar hugmyndir þegar þeir hafa ekki hugmynd um hvað þeir ætla að elda í kvöldmatinn. Það er okkar markmið að allir geti töfrað fram gæðastundir í eldhúsinu þegar þeim hentar, segir Enric Már.

Umhverfismál í forgangi

“Hagkaup leggur ríka áherslu á vernd umhverfisins og hefur skýr markmið í aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni. Eitt af markmiðum okkar er að hætta allri notkun á Freon og skipta yfir í umhverfisvænan kælimiðil í öllum okkar verslunum fyrir lok ársins 2022“, segir Sigurður.

Skipt hefur verið um alla frysta og kæla í versluninni á Eiðistorgi og er nú einungis notast við umhverfisvænan kælimiðil (kolsýru). Þar að auki eru flestir af nýju kælum með hurðum sem sparar umtalsverða orku. „Einnig settum við upp nýja LED lýsingu í versluninni sem gefur betri lýsingu og sparar orku“, segir Sigurður

Stöðug vöruþróun og netverslun

Sigurður segir að eflaust gera fæstir sér grein fyrir því hversu mikil vinna fer fram bak við tjöldin við að viðhalda framúrskarandi vöruúrvali í Hagkaup. Þetta á ekki síst við um jólavertíðina en þá koma yfir fjölmargar nýjar vörur í verslanir okkar - allar með því markmiði að auðvelda fólki eldamenskuna yfir hátíðarnar. Það er líka gaman að segja



Sigurður Reynaldsson framkvæmdastjóri Hagkaups, Enric M. Teitsson verslunarstjóri og Rui Pedro aðstoðarverslunarstjóri á Nesinu.



Skipt hefur verið um alla frysta og kæla í versluninni á Eiðistorgi.

frá því að við höfum verið að vinna í netverslun fyrir snyrtivörudeild Hagkaups sem að fer í loftið á næstu vikum. Það er óhætt að segja að það sé líf og fjör hjá okkur þessa dagana og spennandi nýjungar í farvatninu.

Alltaf til ananas

Verslun Hagkaups á Eiðistorgi er orðin órjúfanlegur hluti af bæjarlífinu á Seltjarnarnesi. Viðskiptavinir okkar eru margir fastagestir og

starfsmenn eru farnir að þekkja heilu fjölskyldurnar með nafni. Við leggjum okkur fram við að hafa andrúmsloftið í versluninni notalegt og að viðskiptavinir geti treyst á gott úrval og góða þjónustu í Hagkaup. „Við reynum líka að vera með puttann ná púlsinum í bæjarlífinu og vorum til dæmis ekki lengi að panta auka sendingu af ananas þegar bæjarbúar sáu ákveðin tækifæri í kaupum á ananas“ segir Enric með bros á vör.



Sett hefur verið upp ný LED lýsingu í versluninni sem gefur betri lýsingu og sparar orku.



Í nýafstöðnum breytingum á versluninni var meðal annars skipt yfir í nýtt hillukerfi sem tekur minna gólfpláss en býður upp á fleiri hillur.

Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVÆMUR KOSTUR
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sígaretta væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Nicovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

Tel mig hafa séð mikinn vöxt í forræðishyggju

Páll Gíslason verkfræðingur hefur komið víða víð á lífsleiðinni. Hann er fæddur á Blönduósi og ólst upp á Hofi í Vatnsdal í Austur Húnavatnssýslu þar sem foreldrar hans bjuggu. Páll fór nokkuð hefðbundna leið. Var í farskóla í heimasveitinni, síðan í Reykjaskóla í Hrótafirði þaðan sem leiðin lá í Menntaskólann á Akureyri. Eftir það tók hann smá lykkju á leið sína. Var ár í Landbúnaðarskólanum á Hvanneyri og annað ár í Vélaskólanum áður en hann hélt til náms í verkfræði við Háskóla Íslands þaðan sem hann útskrifaðist 1981. Eftir það fór hann til Álfaborgar í framhaldsnám í iðnaðarverkfræði þaðan sem hann útskrifaðist 1984.

Páll hefur komið víða víð um ævina sem of langt yrði upp að telja. Hann hefur bæði sinnt verkefnum hér heim og erlendis. Hann var meðal annars rekstrarstjóri túnfiskútgerðar frá Abidjan í Vestur-Afríku á vegum fyrirtækisins Goodman Shipping sem var að hálfu í eigu SH. Eftir það vann hann að ýmsum verkefni á vegum SH, meðan annars undirbúning að því að opnuð var söluskrifstofa í Moskvu. Páll var framkvæmdastjóri söluskrifstofu SH og Navenor Holdings í Rússlandi um tíma og vann við ýmis verkefni hjá Netverk-samstæðunni. Annaðist fjármálastjórn og áætlanagerð, hafði umsjón með sölu- og markaðsmálum og síðast framkvæmdastjórn. Eftir aldamótin kom hann heim og var framkvæmdastjóri Prentsmiðjunnar Gutenberg og síðan stjórnarformaður í útgáfufélaginu Fróða, dótturfélagi Prentsmiðjunnar Odda. Á árunum 2005 til 2007 var Páll yfirmaður erlendar viðskiptaþróunar hjá Prentsmiðjunni Odda/Kvos. Þar kynntist hann prenttækni og fór meðal annars til Rúmeníu til kaupa á prentvélum fyrir Þorgeir í Odda. Hann kveðst hafa kynnst Rúmeníu í gegnum þetta verkefni. „Maður er varla gjaldgengur sem verkfræðingur lengur. Kominn á þennan aldur og reynslulitill af verkfræðistörfum því ég hef lengst af verið að vinna að öðrum verkefnum. Ég er til dæmis nýkominn frá Rúmeníu því ég er að starfa fyrir fyrirtæki sem er með á annan tug Rúmena í vinnu. Einn



Páll ásamt eiginkonu sinni Arnfríði Gísladóttur þar sem þau kunna vel við sig úti í náttúrunni.

þeirra varð fyrir því óhappi að slasa sig og ég tók að mér að fylgja honum heim. Lét eiginkonuna kvitta fyrir móttöku hans,“ segir Páll og það vottaði fyrir húnverskri kímni í augum hans. Hann skildi þó ekki alveg við sjóinn og vann meðal annars að því að byggja upp fyrirtæki sem heitir Ocean Excellence. Það sér um tæknilausnir fyrir fullvinnslu á sjávarafurðum.

Nesbúi um árabíl

Páll hefur búið á Seltjarnarnesi um árabíl ásamt fjölskyldu sinni. Eiginkona hans er Arnfríður Gísladóttir Jónssonar menntaskólakennara á Akureyri. Þau hafa verið gift í 42 ár og eiga tvö börn Hervöru sem er lögræðingur og Gísla fornleifafræðing. Páll er mikill

þessa hluta landsins. Þar á meðal umdeild mál á borð við friðlýsingar og þjóðgarðsvæðingu. Hann er snöggur til svars. „Mér finnst ég verða að segja að ég tel mig hafa séð mikinn vöxt í forræðishyggju aðila, sem ég sé ekki endilega að hafi beina aðkomu að umsýslu eða nýtingu svæðisins. Birtingarmyndin er stofnavæðing og framganga samtaka sem kenna sig við umhverfisvernd. Auðvitað má segja að þetta sé birtingarmynd átaka milli þéttbýlis og dreifbýlis, þar sem manni finnst þéttbýlissjónarmiðin oft ansi fjarri raunheimum. Þéttbýlissjónarmiðin virðast ávallt eiga mjög greiðan aðgang að fjölmíðlum og þar eiga málsvarar óraunsærra hugmynda jafnan greiðan aðgang. Vitnað er í þá og þeim gefin kostur á að láta skoðanir í ljós, skýrt dæmi er hve oft forvígismenn Landverndar eru kallaðir til sem álitsgjafar, án þess að andstæð sjónarmið séu reifuð eða málsvarar þeirra spurðir.“

Umhverfissinnar standa vörð um slæma umgengni

„Þetta birtist einkum á tveim sviðum, annars vegar varðandi orkunýtingu og hins vegar í samgöngumálum,“ heldur Páll áfram. Á hálendinu er mikið um vegi og slóða, sem hægt og rólega eru að grafast ofan í jörðina, mynda skurði og farvegi fyrir vatn, sem eykur á veðrun og niðurbrot í landslaginu. Þegar minna reyndir bílstjórar koma að sundur gröfnum vegarköflum, einkum að vorin, þá velja þeir oft að fara út fyrir slóðann, frekar en láta sig hafa að aka yfir polla eða eftir skemmdum vegum. Við þetta breikkar vegsvæðið og landið skemmist. Auðvitað ætti að hækka vegina yfir umhverfið þannig að hægt sé að komast yfir. Skipulagsyfirlöð og samtök umhverfissinna berjast á móti hugmyndum um að vegir séu uppbyggðir, þannig að í raun eru þessir aðilar að standa vörð um slæma umgengnismenningu, sjónarmið sem ég á erfitt með að skilja.“

Páll beinir orðum sínum því næst að jöklum landsins.

Átök þéttbýlis og dreifbýlis

Pál hefur haft fasta starfsstöð á hálendinu um árabíl. Hvað sýnist honum um velferð og einnig nýtingu



Páll Gíslason kann vel við sig á hálandinu.

Nýta raforkuna til að minnka kolefnisspor

Páll snýr sér síðan að orku-málunum. „Á svipuðum nótum vil ég benda á að jöklar landsins eru orkubúnt. Þar er ís sem bíður þess að bráðna og renna til sjávar. Á leiðinni missir það stöðuorku, sem er notuð að hluta til í dag til raforkuframleiðslu. Raforku sem nýtist til að knýja samfélagið. Auðvitað ætti það að vera markmið að nýta þessa orku sem mest og best og þannig minnka kolefnisfótspor, ekki bara okkar sem þjóðar, heldur í víðara samhengi. Þarna er auðvitað að eiga sér stað sóun, sem enginn vill ræða og því síður að meta umhverfisáhrif þessarar sóunar.“

Engin neyð á hálandinu

Talið beindist í framhaldi af því að framkomnum hugmyndum um friðun svæða og miðhálandisþjóðgarð. Páll kveðst aldrei hafa hitt manneskju sem ekki vilji vernda miðhálandið. Hugmyndir séu samt fjölbreyttar og þar standi hnífurinn í kúnni. „Þessi þróun þarf að taka mið af fleiru en að vernda lækjarbakka eða láta vegi liggja ofan í landslagi. Þarna tel ég að hugsa þurfi út frá hagsmunum náttúrunnar, ekki þröngum hagsmunasjónarmiðum eins og verið hefur undanfarið, hvort sem um er að ræða sjónarmið umhverfissinna, útivistarfólks eða stofnanasinna. Í dag er engin neyð á hálandinu, hvorki vegna

skipulagsmála eða framkvæmda, en loftslagsváin verður sýnilegri með hverju árinu. Þar er augljós neyð að birtast. Verri veður, stærri flóð í ám og lækjum og vegaslóðar að grafast ofan í landslagið og mynda ljót sár. Hér þarf að taka meiri tillit til hugmynda um meðalhóf í verndun og nýtingu auðlindanna og auðvitað landsins alls, þá sérstaklega hvernig má nýta auðlindir svæðisins til að flýta fyrir og styðja við orkuskipti í sem víðustu samhengi. Það þarf að bæta samgöngumannvirki þannig að þau skemmist ekki af völdum úrkomu og leysingavatns.

Offorsið er skaðlegt

Offorsið í þessum málaflökki tel ég að hafi verið skaðlegt umhverfi og náttúru landsins og sagan muni fljótt staðfesta þá tilfinningu mína að nýleg mannskípti í Umhverfissráðuneytinu séu það besta sem gerst hefur á síðari árum í umhverfismálum héraendis. Þarna sér maður klókandi forsætisráðherra að hafa náð að gera hrossakaup með því að skipta á málaflökki í ógöngum annars vegar og áhrifum á sviði velferðarmála, uppgræðslu lands og nýtingu auðlinda til matvælaframleiðslu hins vegar,“ segir Páll að lokum.

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á liðnum árum.



Iris, Alexandra og Anna



Salon Nes | S: 562 6065 | Austurströnd 12
iris@salonnes.is | www.salonnes.is



Gleðileg jól
og farsælt komandi ár



Bæjarstjórn og starfsmenn Seltjarnarnesbæjar senda bæjarbúum jólakveðjur með þökkum fyrir ánægjuleg samskipti á árinu sem er að líða.

- VERIÐ VELKOMIN -

Arna

ís- og kaffibar



**VERIÐ VELKOMIN
TIL OKKAR Á EIÐISTORGIÐ**

Við bjóðum upp á kaffi og ótal bragð-
tegundir af dásamlegum Örnú ís.

**Opið virka daga 9 - 18
og helgar 10 - 18.**

Eiðistorgi 15

facebook.com/arnaisogkaffi

Seltjarnarneskirkja roðagyllt



Roðagyllt ljósið lýsir kirkjuna upp í skammdeginu.

Seltjarnarneskirkja er lýst roðagyllt um þessar mundir. Lýsing kirkjunnar er hluti af 16 daga átaki sem leitt er af Sameinuðu þjóðunum til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn stúlkum og konum. Soroptimistar um allan heim ásamt fjölda annarra samtaka eru þátttakendur í þessi átaki og er roðagyllti liturinn, sem er litur átaksins, tákn um bjartari framtíð án ofbeldis gegn konum og stúlkum.

Átakið hófst þann 25. nóvember á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gagnvart konum og stúlkum og því lýkur þann 10. desember á hinum alþjóðlega mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna sem jafnframt er dagur Soroptimista. Markmið er að beina athyglinni að alvarleika kynbundins ofbeldis, fræða almenning og hvetja til að ofbeldið verði stöðvað. Til þess þarf vitundarvakningu.

Sú hefð hefur skapast að ákveðið málefni er í brennidepli ár hvert. Áhersla íslenskra Soroptimista mun að þessu sinni beinast að stafrænu ofbeldi sem fer fram gegnum tæki og tækni, svo sem síma, tölvu og samfélagsmiðla.

Íslenskir Soroptimistar eru nú 600 talsins í 19 klúbbum um allt land sem hafa verið sýnilegir meðal annars með því að klæðast roðagylltum lit, skrifa greinar í blöð og selja appelsínugul blóm eða annan varning. Byggingar í heimabyggð klúbba eru lýstar upp í roðagylltum lit og einnig sendir áð Íslands víða um heim.

Í tilefni af átakanu er Gróttuviti og Seltjarnarneskirkja upplýst í roðagylltum lit og Soroptimistasystur á Seltjarnarnesi voru hvattar til að roðagylla Facebook-síður sínar. Þess má geta að aðalverkefni Soroptimistasystra á Seltjarnarnesi er fjárhagslegur stuðningur við kvennaathvarfið.

BASARINN

Nytjamarkaður

Austurvei

Háaleitisbraut 68

Sími 562 6700

Opið virka daga 12-18



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfarin.is



Sværri Einarsson



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Ómótstæðilegir fimmaurabrandarar frá Hólum

Út var að koma hjá Bókaútgáfunni Hólum bókin Fimmaurabrandarar 3 sem unnin er upp úr smíðju hins vinsæla Fimmaurabrandarafjelags. Hér á eftir verður gripið í bókina.

Ætlaði að semja brandara um IKEA en er enn að setja hann saman.

*

Hvernig bragð er að stafasúpu?

Nú, auðvitað orðbragð.

*

Hatið þið það ekki þegar fólk spyr spurninga og svarar þeim sjálf?

Ég geri það.

*

Ætli gæinn, sem fann upp orðatiltækið „one hit wonder“, hafi komið fram með annað vinsælt orðatiltæki?

*


Hvar lærði Jesús að ganga á vatni?

Í Krossá.

*

Nú eru allir að tala um hringrásarhagkerfið; endurnota, endurnýta, endurvinnna.

En vilja endurnar þetta endilega?



Opnunartími sundlaugarinnar um jól og áramót

Þorláksmessa	23.des.	06:30-19:30
Aðfangadagur	24.des.	08:00-12:30
Jóladagur	25.des.	Lokað
Annar í jólum	26.des.	Lokað
Mánudagur	27.des.	06:30-22:00
Þriðjudagur	28.des.	08:00-22:00
Miðvikudagur	29.des.	08:00-22:00
Fimmtudagur	30.des.	06:30-22:00
Gamlársdagur	31.des.	08:00-12:30
Nýársdagur	1.jan.	Lokað
Sunnudagur	2.jan.	08:00-19:30

NÝTUM ORKUNA TIL AÐ FLOKKA

Umbúðagámur fyrir pappa og plastumbúðir
og jólapappír á Orkunni 20 des. - 2. jan

- Gylfaflöt, Reykjavík
- Kleppsvegi, Reykjavík
- Suðurströnd, Seltjarnarnesi
- Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði

Áramóta- brennu aflýst



Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í þjóðfélaginu vegna Covid-19 og þeirrar óvissu sem ríkir um sóttvarnareglur og samkomutakmarkanir um hátíðirnar hefur bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar ákveðið að halda ekki áramótabrennu í ár.

Áramótabrennur draga að sér fjölda fólks og vill sveitarfélagið sýna ábyrgð í verki og aflýsa því áramótabrennunni á Valhúshæð á gamlárskvöld. Í stað flugeldakaupa verður Björgunarsveitin Ársæll styrkt um andvirði hefðbundinnar flugeldasýningar sem Seltjarnarnesbær hefur staðið fyrir við áramótabrennuna í venjulegu árferði.

Helgihald í Seltjarnarneskirkju yfir jól og áramót



Sunnudagurinn 18. desember

Fræðslumorgunn kl. 10
Á mörkum tveggja heima
Sólveig Pálsdóttir, rithöfundur, talar.
Léttmessa og sunnudagaskóli kl. 11
Sr. Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur
Friðrik Vignir Stefánsson er organisti.
Félagar úr Kammerkórnum syngja
Kaffiveitingar.

Þorláksmessa 23. desember

Athöfn á Valhúshæð kl. 21.45.
Jólaljósið borið inn í kirkjuna.
Þorsteinn Þorsteinsson syngur.
Orgelleikur Friðriks Vignis við kertaljós hefst kl. 22.

Aðfangadagur 24. desember

Aftansöngur kl. 18.
Sóknarprestur þjónar og organisti kirkjunnar
leikur á orgelið.
Félagar úr Kammerkórnum syngja. Einsöngur.

Jóladagur 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sr. Bára Friðriksdóttir þjónar.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Félagar úr Kammerkórnum syngja. Einsöngur.
Kaffi og konfekt eftir stundina.

Annar í jólum 26. desember

Helgistund kl. 10 vegna Kirkjuhlaupsins.
Sóknarprestur þjónar.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.

Gamlársdagur 31. desember

Heitt súkkulaði í kirkjunni frá kl. 20.30 til kl. 22.30

Nýársdagur 1. janúar 2022

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.
Sóknarprestur þjónar.
Organisti kirkjunnar leikur á orgelið.
Óli Björn Kárason flytur ræðu.
Félagar úr Kammerkórnum syngja. Einsöngur.
Kaffi og konfekt eftir stundina.

KRAFTVIKLIR KAPPAR

Kapparnir okkar hafa aldrei verið glæsilegri og fjölbreyttari.
Þú finnur örugglega kappatertu við þitt hæfi.



Notum alltaf flugeldagleru,
bæði börn og fullorðnir



BJÖRGUNARVEITIN ÁRSÆLL
RETKAÞVEI - SELTJARNARNES
VIÐ SUBURSTRÖND

SEYVARNARFLACIÐ
LANDSBJÖRG

„Ljóssins hátíð“

- eftir Bjarni Þór Bjarnason, sóknarprestur í Seltjarnarneskirkju.

„Kom, blessuð, ljóssins hátíð – helgi þín
Minn hug og vilja göfgi, vermi, fylli.“

Þannig orti Guðmundur Guðmundsson forðum daga. „Ljóssins hátíð“ gengur í garð innan skamms. Við höfum verið að undirbúa komu hennar að undanförunu. Við kveiktum á fyrsta kerti aðventukransins á fyrsta sunnudegi í aðventu sem var 28. nóvember síðastliðinn. Þá tendruðum við ljós að spádómakertinu og tókum að undirbúa huga okkar fyrir þessa yndislegu hátíð sem koma skal innan skamms. Ég sagði „huga okkar“ vegna þess að það skiptir svo miklu máli að taka vel á móti barninu sem fæddist í Betlehem.

Þegar við tókum á móti gestum undirbúum við komu þeirra á þann hátt sem við best kunnum. Við hugsum um hýbýli okkar að þau líti sem best út og séu hrein og snyrtileg. Við bjóðum upp á veitingar til að gleðja gesti okkar og eiga með þeim góða stund. Við kveikjum ef til vill á kertum til þess að skapa þægilega og notalega stemningu. Það

sem við gerum er að við undirbúum okkur svo að gestaboðið takist sem best. Samfélagið sem við eigum við gestina skiptir miklu máli. Við erum að búa til góðar minningar þegar vel tekst til með slíkum boðum.

Framundan er „Ljóssins hátíð.“ Á aðventunni undirbúum við huga okkar og hjarta. Við undirbúum okkur líka efnislega, prýðum heimilið, gerum vel við okkur í mat og drykk, gefum gjafir og gleðjumst með okkar nánustu. Helgin sem skáldið orti um þekktja margir. Klukkan 18 verður allt heilagt og helgi barnsins fyllir þá huga okkar og göfgar vilja okkar, vermir okkar og fyllir hugskotið af fallegum hugsunum.

Guð gefi, að við mætum öll eignast þessi helgi sem fylgir „Ljóssins hátíð“ og eiga gleðileg jól í hug og hjarta.



Sr. Bjarni Þór Bjarnason.

**SAMFYLKing SELTIRNINGA
ÓSKAR BÆJARBÚUM OG
STARFSFÓLKI
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á
KOMANDI ÁRI.**





Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Spennandi tímar framundan

Jæja, þá er árið að renna sitt skeið og fram undan er nýtt ár með nýjum tækifærum. Nú eru tvö ár frá því Covid-19 fór á skrið og berum við því flest þær vonir og væntingar til ársins 2022, að það verði nú ár jákvæðni, hraðari framfara, nýrra tækifæra og auðvitað meiri samskipta við vini og vandamenn.

Í bæjarmálunum verða töluverðar breytingar á komandi ári. Eins og fram hefur komið fær Seltjarnarnes nýjan bæjarstjóra og nokkra nýja bæjarfulltrúa, þar sem bæjarstjórinn og hluti núverandi bæjarfulltrúa ætla ekki að bjóða sig fram til endurkjörs í næstu bæjarstjórnarkosningum, sem verða 14. maí n.k.



Örn Viðar
Skúlason.

Prófkjör verður 5. febrúar

Hjá okkur kjósendum Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi blasir því við að velja frambærilega fulltrúa á lista flokksins fyrir næstu kosningar. Þegar þetta er skrifað liggur formleg ákvörðun fulltrúaráðs ekki fyrir, en stjórn fulltrúaráðsins á Seltjarnarnesi leggur til að prófkjör Sjálfstæðisflokksins á verði 5. febrúar og að framboðsfrestur í prófkjöri renni út 10. janúar.

Þó aðaláherslur Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi um ráðdeild í rekstri, trausta fjármálastjórn, lágur álögur á íbúana, öruggt umhverfi, góða skóla og heilsuefandi þjónustu við íbúana liggja fyrir, er ljóst að við okkur blasir að yfirfara stefnuna og útfæra hana nánar fyrir einstaka málaflökka.

Þá er það svo að þó vel hafi tekist til á mörgum sviðum við erfiðar aðstæður á yfirstandandi kjörtímabili, hefur hluti kjósenda flokksins væntingar til þess að við gerum enn betur á því næsta, bæði í rekstri bæjarins, þjónustu við bæjarbúa og við að skapa hér snyrtilegt umhverfi. Þetta eru þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir.

Vilt þú taka þátt í framþróun Seltjarnarnesbæjar

Það sem gerir Seltjarnarnes að svo góðu samfélagi er meðal annars það að stærðin er ekki svo mikil, nálægðin er umtalsverð og möguleikar okkar íbúanna til að hafa jákvæð áhrif á framþróun bæjarfélagsins eru miklir.

Þátttaka í starfi Sjálfstæðisfélags Seltirninga hvort heldur er við hugmyndavinnu eða í framboði er frábær leið til að hafa áhrif. Ert þú tilbúin/n að deila þínum hugmyndum um betra samfélag með okkur og reiðubúin/n að leggja af mörkum einhverja vinnu fyrir félagið? Hafðu þá samband við okkur í gegnum netfangið seltjarnarnes@xd.is eða kíktu í kaffi og við ræðum málin.

Örn Viðar Skúlason
formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga

FUGLADAGBÓKIN 2022



Glæsileg dagbók, prýdd einni fuglamynd fyrir hverja viku og fróðleik um viðkomandi fugl. Algjör gersemi!

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is

Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla og
farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin

Starfsfólk
Hársnyrtistofunnar Permu



HÁRSNYRTISTOFA
EIDISTORGI 13 - 15
SÍMAR: 561 1160 OG 561 1162

RECARO
Barnabílastólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Leikskólamál á Nesinu

Nokkur umræða hefur verið um leikskólamál á Nesinu í haust eins og gjarnan vill verða þegar foreldrar bíða þess að börnin komist inn á haustin og pressan mikil. Ánægjulegt er að sjá fjölgun barna í yngsta aldurshópnum á Seltjarnarnesi en nú eru samtals 241 barn í leikskóla á Seltjarnarnesi sem dreifast í 5 leikskólabyggingar á 13 deildir. 225 börn eru í Leikskóla Seltjarnarness og 16 verða í nýjum ungbarnaleikskóla sem settur var á laggirnar sem sjálfstæð eining.

Að auki eru um 40 börn í einkareknum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu en það hefur verið valkostur fyrir foreldra að hafa börn í einkareknum leikskólum. Í heild er því fjöldi leikskólabarna um 280. Við höfum náð að bregðast við fjölgun barna með opnun nýrra deilda eftir þörfum og mætt því markmiði að börn komist inn á því ári sem þau verða tveggja ára en yngstu börnin við inntöku eru 14 mánaða. Stærð leikskólans er orðin mikil og því ágætt að létta á álaginu með nýjum ungbarnaleikskóla sem hefur vakið mikla ánægju. Það sem helst tafði inntöku barna í haust var ráðning starfsfólks til leikskólans bæði vegna veikinda og svo vegna námsmanna sem skelltu sér í nám í haust. Þakka má góðu framtaki starfandi leikskólastjóra hve vel hefur tekist til við mönnun en skortur á starfsfólki og erfiðleikar við ráðningar eru ekki bundnir við Seltjarnarnes heldur sama staðan á öllu höfuðborgarsvæðinu. Lítil nýliðun

er í stéttinni og því er það fagnaðarefni hversu margir starfsmenn hjá okkur hafa þegið boð um nám í leikskólafræðum samhliða starfi sínu í Leikskóla Seltjarnarness.

Gott skólastarf má ekki líða fyrir umræðu um plássleysi

Mér finnst mikilvægt að því sé haldið á lofti hversu gott innra starf leikskólans er og það má ekki líða fyrir umræðuna um plássleysi. Við höfum hátt hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara sem skilar sér í faglegu starfi og góðum hópi starfsmanna sem vinnur störf sín af metnaði. Það gerist vart að vísa þurfi börnum frá leikskóla vegna mannekle þó það hafi gerst á einni deild í einn dag í haust. Tölum því vel um leikskólana okkar, starfið þar og starfsfólkið sem þar vinnur af alúð.

Þörfin fyrir nýjan leikskóla er þó orðin brýn en tafir hafa verið á því að hægt hafi verið að hefja það verkefni meðal annars vegna covid19 og aukinna útgjalda m.a. af þeim sökum. Nú er ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa við byggingu enda hefur deiliskipulag nýlega verið samþykkt fyrir nýjan leikskóla. Ákveðið hefur verið að byrja á fyrsta áfanganum eins og tillagan gerir ráð fyrir en hægt er að skipta byggingaráformum í nokkur skref. Ljóst er þó að kostnaður við fullbyggðan leikskóla sem verðlaunatillaga gerði ráð fyrir er

ekki raunhæfur kostur eins og er fyrir bæjarfélagið og því ljóst að taka verður byggingu nýs leikskóla í minni skrefum. Raunhæfur kostur er að byrja á fyrsta áfanganum á horninu á Suðurströnd/Nesvegi, á 2 hæðum, sem hægt verður að tengja við Mánabrekku og útisvæði núverandi leikskóla. Við höfum gert úttekt á húsnæði Sólbrekku og Mánabrekku og ljóst að þau hús eru í góðu ástandi og minni háttar lagfæringar sem þarf að gera á þeim til að þau séu í eins góðu ásigkomulagi og hægt er hafa þau. Farið verður í þær lagfæringar næsta sumar. Teiknivinna fyrir fyrsta áfanga að nýjum leikskóla fer af stað strax á nýju ári en gert er ráð fyrir að kynna hugmyndir að fyrirkomulaginu á Skólalápingi um nýja menntastefnu og fræðslumál sem fyrirhugað er að halda 5. febrúar 2022 en þar geta bæjarbúar lagt inn sínar hugmyndir og vangaveltur.

Sigrún Edda Jónsdóttir
Formaður skólaneftdar Seltjarnarness



Sigrún Edda Jónsdóttir.

Fundur fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi

Athugið að einungis félagar í fulltrúaráðinu hafa seturétt á fundinum.

Fimmtudaginn 16. desember kl. 20.

Fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi heldur félagsfund í sal Sjálfstæðisfélagsins, Austurströnd 3, fimmtudaginn 16. desember kl. 20.

Dagskrá:

Ákvörðun um fyrirkomulag við skipan framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.



Stjórn fulltrúaráðs

D

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRÍ BÆJARBÚA

Nú er aðventan gengin í garð, hátíð ljóss og friðar nálgast og þá fer líka daginn að lengja aftur.

Við getum öll verið ákaflega stolt og þakklát yfir því hvernig gengið hefur að takast á við undanfarin tæp tvö ár. Með æðruleysi og góðri samvinnu höfum við farið í gegnum faraldurinn, allir hafa þurft að taka á sig ákveðnar takmarkanir, en þið eldra fólkíð og þið sem hafið stundað félagsstarfið af krafti hafið haft bjartsýnina og gleðina að leiðarljósi og þessi tími bara liðið.

Enn og aftur vonumst við að þessu tímabili fari nú samt að ljúka. Þegar þessar línur eru settar á blað er fallegur föstudagur á aðventunni og söngurinn og gleðin ómar hér á Skólabrautinni og sönghópurinn okkar að syngja um lítið jólabarn, fannhvíta jörð og jólaklukkan en söngstundin er einn af dagskrárliðunum okkar sem hefur verið ákaflega vel sóttur í vetur ásamt svo mörgu öðru og næstu daga eru á dagskrá viðburðir sem tengjast aðventunni og komandi hátíð.

Haustönninni fer að ljúka og við tekur vorönn 2022. Við byrjum dagskrána eftir áramótin mánudaginn 3. Janúar með föstum dagskrárliðum og námskeiðin fara af stað eitt af öðru í fyrstu vikunni í janúar. Þess skal getið að fyrsta námskeiðið í tálgun og útskurði hefst í Valhúsaskóla fimmtudaginn 6. Janúar kl. 14.30 og þann sama dag kl. 13.30 verður fyrsti spiladagur /félagsvist í salnum á Skólabraut.

Í desembermánuði þurftum við að fresta leikhúsfærð á sýningu Borgarleikhússins "Er ég mamma mín" og er ný dagsetning 23. Janúar sem vonandi stenst, og býðst fólki að skrá sig til þátttöku. Dagskrá félagsstarfsins byrtist í Morgunblaðinu bæði í blað og netútgáfu og svo reynum við að halda dagskránni inni á fb síðunni eldri borgarar á Seltjarnarnesi. Það má líka alltaf kíkjá við á Skólabrautinni, senda póst á kristin.hannesdottir@seltjarnarnes.is eða hringja í síma 5959147 / 8939800.

Guð gefi ykkur öllum gleðilega hátíð, gefu og gleði á komandi ári. Þökkum ykkur liðnar stundir.



BÓKAÐ MÁL

Skraut



Ég yfirgef fótsporin í slabbinu fyrir utan og þurrka nokkur snjókorn af öxlunum á leiðinni upp stigann. Þegar ég kem upp verður mér lítið út um glugga og ég sé að í myrkrinu hinumegin við götuna hafa kviknað ótal ný ljós. Marglit í gluggum og á trjám, misbjört og misfalleg en öll bera árstímanum jafn glögglega vitni.

Það líður að jólum.

Þetta er tíminn þegar við drögum fram jólaskrautið. Seríurnar og kertin, gamalt fönður úr trölladeigi, þrjónaða jólasveina og gömlu glerkúlurnar sem margar eru eldri en sumir meðlimir fjölskyldunnar. Auðvitað kaupum við líka nýtt en flestir setja upp eitthvað af þessu gamla, aftur og aftur.

Hvaða þýðingu hafa þessir undarlegu hlutir fyrir okkur?

Það að skreyta hús og heimili yfir miðjan veturinn er eldri hefð en sjálf jólin. Slíkar skreytingar má rekja aftur til sólstöðuhátíða í Rómaveldi og jafnvel til Forn-Egypta. Ýmsar þjóðir færðu sígrænar greinar inn á heimili sín sem vonartákn í mesta vetrarkuldanum. Segja má að jólaskrautið okkar í dag gegni svipuðu hlutverki en það er líka tenging við fortíðina og minningar frá liðnum jólum, jafnvel úr barnæsku.

Á morgnana liggur leið mín jafnan framhá gamalli íbúðablokk. Þegar ég var barn var hún alltaf skreytt með stóreflis appelsínuraudum jólaseríum á hverjum einustu svölum svo öll bakhlíðin leit út eins og risastórt endurskinsmerki. Með hverju árinu hefur seríunum fækkað en jafnvel nú, meira en tuttugu árum síðar, eru þrjár eða fjórar eftir. Í hvert skipti sem ég sé þessi ljós hugsa ég aftur til jólanna í æsku þegar ég sem barn horfði á þessa blokk og gat ekki með nokkru móti skilið hvernig allir íbúarnir fengust til að samþykkja þessar púkalegu skreytingar.

Allt gamla skrautið í kringum okkur er áþreifanleg tenging við minningarnar sem fylgja jólahátíðinni. Það vekur með okkur nostalgíuna sem er stór hluti af því eftirsóknarverða hugarástandi sem við köllum *jólaskap*.

Skreytum því ekki bara með eintómu glingri um hátíðirnar. Drögum fram gamla draslið úr geymslunni og skreytum með jólaminningum.

Gleðileg jól.

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.*


Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Nýjar stólalyftur í Bláfjöllum

Nú í byrjun nóvember undirrituðu sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Doppelmayr samning um kaup og uppsetningu á tveimur nýjum stólalyftum í Bláfjöllum. Er samningurinn hluti af samkomulagi um uppbyggingu á skíðasvæðunum frá árinu 2018. Markmið uppbyggingarinnar er að bæta aðstöðu og þjónustu fyrir alla hópa skíðaiðkenda. Þannig verða skíðalyftur endurnýjaðar, snjóframleiðsla sett upp og aðstaða fyrir gönguskíðafólk stórbætt. Heildarkostnaður við uppsetningu þessara tveggja lyfta er 2,4 milljarðar.

Magnús Örn Guðmundsson, formaður bæjarráðs, situr í stjórn samstarfsnefndar skíðasvæðanna fyrir hönd Seltjarnarness og að hans sögn er um mikla lyftistöng fyrir alla skíðaiðkendu að ræða. „Seltjarnarnesbær greiðir um 2% af kostnaðinum líkt og í hinum byggðarsamlögum, Strætó og Sorpu auk Slökkviliðsins. Það eru um 15 ár síðan ný stólalyfta var vígð í Bláfjöllum og er þetta kærkominn áfangi. Það hefur margt tafið þetta ferli, m.a. skipulagsmál, vatnsvernd og nú síðast heimsfaraldur“. Áætlað er að setja fyrri lyftuna upp strax á næsta ári, nýjan Gosa í Suðurgili. Sú seinni sé áætluð árið 2023 í Kóngsgili, en ekki sé loku fyrir skotið að það gerist fyrr enda mikil samlegð í að setja þær upp saman fyrir Doppelmayr. „Báðar lyftur enda á nýjum stöðum og opna nýjar og spennandi skíðaleiðir. Til að mynda mun nýja Drottningin vera mun lengri en sú gamla og ná uppá koll



Ný Drottning í Kóngsgili fyrir miðri mynd og nýr Gosi í Suðurgili lengst til hægri.

fyrir ofan Öxlina. Gosinn í Suðurgili verður bæði lengri og hærri og mun tengja suðursvæðið og heimatorfuna betur saman.“

Snjóframleiðsla og frekari uppbygging

Upphaflega var gert ráð fyrir að snjóframleiðslutæki yrðu sett upp fyrir en tilboð í það verkefni reyndist of hátt. Það var því fært aftur í tíma og allt kapp lagt á að klára stólalyfturnar tvær. „Þetta verkefni er unnið af yfirvegum og vandvirkni þó mörgum þyki ganga hægt. Það er skynsamlegt að gera þetta í skrefum og láta hlutina ganga upp. Ef stór frávik myndast er hægt að staldra við og hugsa hlutina öðruvísi“. Magnús Örn segir að

margt sé framundan á næstu árum. Til viðbótar við lyfturnar í Bláfjöllum sé gert ráð fyrir nýrri stólalyftu í Skálafelli og frekari uppbyggingu í Eldborgargili og Kerlingardal í Bláfjöllum. „Sveitarfélögin horfa á fjárfestingu í skíðainnvíðunum eins og sundlaugarnar. Þetta er sívaxandi fjölskyldusport og sprengingin í gönguskíðaiðkun er afar ánægjuleg viðbót. Við því þarf að bregðast líka.“ Varðandi reksturinn segir Magnús

að tekjur af miðasölu standi undir um helmingi rekstrarkostnaðar líkt og í sundlaugunum og bærinn finni lítið fyrir framlögum til skíðasvæðanna. Með betri innviðum eins og snjóframleiðslu ættu tekjur að stórukast. Samstarf um rekstur skíðasvæðanna sé dæmi um gott samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook



Spilavinir


OPÍÐ *allan* SÓLARHRINGINN Í VEFVERSLUN SPILAVINA

Suðurlandsbraut 48 (bláu húsunum í Skeifunni) • www.spilavinir.is





„Leikreglur karlmennskunnar“



Þorsteinn V. Einarsson frá samfélagsmiðlinum Karlmennskan hélt fyrirlestur á dögunum fyrir Gróttu drengi fædda 2003-2007 í knattspyrnu og handbolta.

Erindi Þorsteins heitir „Leikreglur karlmennskunnar“ og fjallaði um muninn á skaðlegri og jákvæðri karlmennsku og hvernig strákarnir geti skapað liðsheild sem byggir á virðingu, meðvitund og samkennd. Vel var mætt á fyrirlesturinn og gerðu drengirnir góðan róm af erindi Þorsteins.

Katrín Anna og U18 ára landsliðið

U-18 ára landslið kvenna lék í Belgrad í Serbíu 22-25. nóvember á umspilmóti um sæti í A-keppni Evrópumóts kvenna í þessum aldurs hópi á næsta ári. Katrín Anna Ásmundsdóttir leikmaður meistara- og 3. flokks Gróttu var okkar fulltrúi í landsliðinu.



Stelpurnar vann Slóveníu 24-21 í fyrsta leik og síðan Slóvakíu í öðrum leik 29-26. Því miður tapaðist úrslitaleikurinn við Serba stórt, 31-20. Okkar leikmaður Katrín Anna Ásmundsdóttir stóð sig vel á mótinu.

Katrín Anna hefur verið fastamaður í þessu landsliði undanfarin ár. Gríðarleg reynsla og tækifæri sem Katrín Anna fær í landsliðinu sem vonandi nýtist Gróttu næstu misseri.

Um 500 krakkar á Cheerios móti

Handknattleiksdeild Gróttu stóð fyrir mótahaldi í 8. flokki hjá strákum og stelpum helgina 20. til 21. nóvember. Mótið hét Cheerios mótið og komu tæplega 500 krakkar í Hertz-höllina þessa helgi undir stífum sóttvarnarreglum.

Stelpurnar í 8. flokki tefldu fram tveimur liðum, einu á yngra ári og öðru á eldra ári. Strákarnir tefldu fram sjö liðum, fimm á eldra ári og tveimur á yngra ári. Margir af krökkunum var að leika á sínu fyrsta móti og stóð sig frábærlega. Krakkarnir voru sér og sínum til mikils sóma. Krakkarnir hafa tekið miklum framförum í vetur og það verður gaman að fylgjast með þeim síðar í vetur.

Þjálfarar stelpnanna eru Edda Steingrimsdóttir og Hrafnhildur Hekla Grimsdóttir og þjálfari strákanna er Birgir Steinn Jónsson.



Fimm stelpur í U 14

Fimm stelpur frá Gróttu/KR voru valdar í U14 ára landsliðið sem æfði dagana 26. - 28. nóvember síðastliðinn. Það voru þær; Arndís Áslaug Grimsdóttir, Dóra Elisabet Gylfadóttir, Elisabet Ása Einarsdóttir, Helga Sif Bragadóttir og Margrét Lára Jónasdóttir.

Þetta er í annað sinn í vetur sem þessar fimm stúlkur hafa verið valdar í hópinn. Stelpurnar stóðu sig frábærlega á æfingunum og verður gaman að fylgjast með þeim í framhaldinu. Þjálfarar U14 ára landsliðs kvenna eru þau Dána Guðjónsdóttir og Jón Brynjar Björnsson.



Gróttustelpur í U14.

Dósagámar hjá Gróttu

Gróttu minnir á dósagámana sem eru við inngang íþróttamiðstöðvarinnar okkar.

Gróttu er í farsælu samstarfi með skátunum þar sem aðilar deila innkomunni og félagið nýtir fjármagnið í öflugt barna- og unglíngastarf.



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

GETRAUNIR.IS

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Jóhannes Hjartarson hann útskrifaðist úr grafískri miðlun við Tækniskólann 2009. Í nóvember lét hann meta námið og komst að því að hann var búinn með nám til stúdentspróf vegna breytingar á skólakerfinu um 2011 til 2015 og útskrifast 19. des. næstkomandi

Fullt nafn? Jóhannes Hjartarson.
Fæðingard. og ár? 23 ágúst 1988.
Starf? Kerrustarfsmaður í Hagkaup.
Farartæki? Strætó.

Helstu kostir? Samviskusemi.

Eftirlætis matur? Mexíkósk kjúklingasúpa.

Eftirlætis tónlist? Rokk.

Eftirlætis íþróttamaður? Enginn.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Community.

Besta bók sem þú hefur lesið? A song of ice and fire sérían.

Uppáhalds leikari? Danny Pudi.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Hot Fuzz.

Hvað gerir þú í fristundum þínum? Teikna.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Flatey í Breiðafirði.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Góðmennsku.



Hvern vildir þú helst hitta?

Engan sérstakan.

Uppáhalds vefsíða? Youtube.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Upplifun með fjölskyldunni.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti? Ferðast.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég hef ekki hugmynd.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Að ferðast til útlanda.

Hvað ætlaður þú að gera í sumarfriinu?


Ég fór til Flateyrar og Ísafjarðar.

KÓSÝ JÓL OG VELLÍÐAN

Jóga-og kósýföt

Lífrænn, umhverfisvænn dásemdar fatnaður sem þú vilt verja tíma þínum í.

Ripple, Spiritual Gangster, BySirrý



Krystalsvantsflöskur eru sígildar. Nú getur þú bætt þínum eigin krístöllum við.



Baðdekur af bestu gerð Húðburstar, hanskar, naglaburstar, augnhvílur. Hydréa London er leiðandi í baðdekrei í heiminum í dag.



Vinalegasta vinagjöfin Möntruskartið er vinalegasta gjöf Systrasamlagsins undanfarin ár.



Mögnuð ítölsk kert. NÝ SENDING. Umhverfisvæn kert í fornun ítölskum síð.



Jógadýnur og fylgihlutir Asanas og Manduka. Bara gæði.

Skráning í stubbafimi

Skráning í stubbafimi fyrir vorönn 2022 hefst 1. desember inn á vefverslun sportabler www.sportabler.com/shop/grotta/

Stubbafimi er ætluð yngstu iðkendunum fæddir 2017-2019. Áhersla lögð á grundvallarhreyfigetu og líkamsvitund með fjölbreyttum æfingum. Markmiðið er að vekja áhuga á fimleikum, byggja upp góðan grunn fyrir áframhaldandi fimleikaiðkun, kenna jákvæðan aga og reglur sem gilda í salnum.

Kennt er á laugardagsmorgnum:

Iðkendum fæddir 2019 eru kl. 08:50 – 09:40.

Iðkendum fæddir 2018 eru kl. 09:50 – 10:40.

Iðkendum fæddir 2017 eru kl. 10:50 – 11:40.

Fyrsti stubbatími vorannar verður laugardaginn 8. janúar og sá síðasti 30. apríl.

Fyrirkomulagið er á þann hátt að börn fædd 2019 eru með foreldri á æfingu en iðkendum fæddir 2018 og 2017 æfa án foreldra í tímunum.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

BYKO



Íslensk sígræn

Stafafura

frá Skógræktinni



Stafafura
100-150 cm
4.650 kr.

vnr. 41140101

.....
Stafafura
151-200 cm
8.950 kr.

Trén eru ræktuð án eiturfna, enginn áburður er notaður við ræktun fyrir utan 10-15g á hvert tré við gróðursetningu. Flutningsleiðin er stutt og er stafafuran því mun umhverfisvænni kostur en innflutt tré. Að minnsta kosti 10 tré eru ræktuð í stað hvers trés sem fellt er sem jólatré.

Stafafura er vinsælasta íslenska jólatréð og er einstaklega barrheldin og ilmandi.

Nýtt - nú eru komnir sjálfsafgreiðslukassar á Grandann!

Þú finnur
Jólagjafa-
handbókina
á byko.is



BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!



Auðvelt að versla á byko.is